



Reykjavík, 25. ágúst 2025
MSS2505141

SVAR

Viðtakandi: Þjónustu- og nýsköpunarsvið

Sendandi: Forsætisnefnd

Efni: Fyrirspurn forsætisnefndar um fjölda verkefna og beiðna sem varða borgarstjórnarfund sem eru í vinnslu hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði

Á fundi forsætisnefndar þann 30. maí 2025, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn forsætisnefndar.

Forsætisnefnd óskar eftir upplýsingum um fjölda verkefna/beiðna er varða borgarstjórnarfundum sem standa hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði. Er það í kjölfar kynninga um talgreina sem kynnt var á fundi nú 30. maí. Þótti kjörnum fulltrúum ástæða til að skoða þær beiðnir/verkefni sem liggja inni hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði í þeim tilgangi að geta forgangsraðað verkefnum er snúa að tæknilegri framsetningu funda borgarstjórnar. Óskað er eftir upplýsingum um hvaða beiðnir liggja inni varðandi framkvæmd borgarstjórnarfundum, hvenær þær bárust þjónustu- og nýsköpunarsviði og hver staða þessara mála er.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 25. júlí 2025.

Svar:

Hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði eru tvö verkefni í vinnslu sem tengjast framkvæmd borgarstjórnarfundum.

Í fyrsta lagi er það innleiðing nýs fundarumsjónarkerfis sem verður lykilstoð fyrir aðra tæknilega uppsetningu í salnum. Þann 9. nóvember 2022 barst þjónustu- og nýsköpunarsviði afgreiðslubréf frá forsætisnefnd um að útfæra stafræna lausn fyrir atkvæðagreiðslu og mælendaskrá á fundum borgarstjórnar og hófst verkefnið í kjölfarið. Staða verkefnisins er sú að stafrænt ráð hefur samþykkt verkefnatillögu vegna annars fasa fundarumsjónarkerfisins og sett það í fyrsta forgang en umfjöllun borgarráðs um verkefnið hefur verið frestað þar til skýr eigandi verkefnisins liggur fyrir. Stefnt er að því að málið verði tekið upp að nýju í tengslum við vinnu starfshóps um rekstur Ráðhússins á vegum skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Í öðru lagi er unnið að innleiðingu talgreinis fyrir borgarstjórnarfundum. Verkefnið var samþykkt í verkefnaráði 17. ágúst 2022 og hófst í september sama ár. Nú er beðið eftir afstöðu forsætisnefndar um framhald þess.

Á verkefnalista stafræns leiðtoga og skrifstofu borgarstjórnar liggur síðan fyrir að ráðast þurfi í heildstæða uppfærslu á tæknibúnaði borgarstjórnarsalarins. Sérstök áhersla verður lögð á þrjá lykilþætti: fundarumsjónarkerfi, fjarfundabúnað og streymislausnir. Í tengslum við þessa vinnu þarf að tæma lagnastokka og tæknirými og setja upp tæknistoðir frá grunni. Verkefnið getur hafist þegar niðurstaða liggur fyrir um innleiðingu á nýju fundarumsjónarkerfi og talgreiningarlausn. Til þess þarf að tryggja a.m.k. tveggja vikna tímabil þar sem salurinn er laus við fundi, svo unnt sé að ráðast í tiltekt og nauðsynlega uppsetningu. Jafnframt liggur fyrir að skipta þarf út núverandi skjávarpa, þar sem hann er að mestu óvirkur.



F.h. þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri

